



Starfsáætlun 2023

Reykjaneshöfn

B-hluta fyrirtæki Reykjaneshöfn



Starfsáætlun 2023

Reykjaneshöfn

B-hluta fyrirtæki Reykjanesbæjar

Reykjanesbær 17. nóvember 2022,

í stjórn Reykjaneshafnar



Hjörtur B. Guðbjartsson formaður



Kristján Jóhannsson ritari



Ulfar Guðmundsson



Sigurður Guðjónsson varaformaður



Alexander Ragnarsson

hafnarstjóri Reykjaneshafnar



Halldór K. Hermannsson



Inngangur

Reykjaneshöfn er þjónustufyrirtæki í eigu Reykjanesbæjar og tók til starfa í núverandi mynd þann 5. desember 2002. Hafnaraðstaðan samanstendur af smábátahöfninni í Gróf, Hafnahöfn, Helguvíkurhöfn, Keflavíkurhöfn og Njarðvíkurhöfn. Athafnasvæði hafnaraðstöðu er 30.415 m² að stærð. Reykjaneshöfn er B-hluta fyrirtæki innan samstæðu Reykjanesbæjar.

Starfsmenn og stjórn

Starfsmenn Reykjaneshafnar eru fjórir árið 2023, þrír hafnsögumenn og hafnarstjóri. Hafnsögumennirnir vinna samkvæmt vaktafyrirkomulagi. Hafnarstjóri Reykjaneshafnar er Halldór Karl Hermannsson.

Stjórn Reykjaneshafnar er skipuð fimm aðalmönnum: Hjörtur M Guðbjartsson formaður (S), Sigurður Guðjónsson varaformaður (B), Kristján Jóhannsson ritari (Y), Alexander Ragnarsson meðstjórnandi (D) og Úlfar Guðmundsson meðstjórnandi (M).

Starfsemi og hafnaraðstaða

Kjarnastarfsemi Reykjaneshafnar er almenn hafnarstarfsemi í samræmi við Hafnalög nr. 61/2003, lög um siglingavernd nr. 50/2004, reglugerð um hafnamál nr. 326/2004, samþykkt Reykjaneshafnar nr. 982/2005 auk annarra laga og reglugerða sem ná til hafnarreksturs eða hluta hans.

Í rekstri Reykjaneshafnar er tekið mið af stefnu Reykjanesbæjar til ársins 2030 og þeirra gilda sem þar eru sett fram: **Framsækni, Virðing og Eldmóður**. Í áhersluatriðum er sérstaklega horft til **Vistvæns samfélags** og **Fjölbreyttra starfa** ásamt þeim heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem þar eiga við.

Til að stuðla að **Vistvænu samfélagi** mun Reykjaneshöfn stefna að því að:

- 2030 verði landtenging rafmagns til staðar fyrir alla viðskiptavini Reykjaneshafnar óháð orkuþörf viðkomandi skipa og stuðla þar með að betri loftgæðum í umhverfinu. (*Heimsmarkmið nr. 7.1 og 12.2*)



- móttaka og meðhöndlun úrgangs á hafnarsvæðinu verði skilvirkari með það að leiðarljósi að lágmarka förgun og auka endurnýtingu. (*Heimsmarkmið nr. 11.6, 12.4 og 12.5*)



Til að stuðla að **Fjölbreytni starfa** mun Reykjaneshöfn stefna að því að:

- efla innviði sína til þess að auka þjónustugetu við viðskiptavini hafnarinnar á sem flestum sviðum og skapa þar með grundvöll að fjölbreyttari atvinnusköpun. (*Heimsmarkmið nr. 8.2, 8.9 og 9.1*)



Efnisyfirlit

Almenn hafnarstarfsemi.....	6
Skipakomur og flutningar	6
Afli og landanir	6
Þjónusta.....	7
Auðunn	7
Ísturn	7
Tekjur af almennri starfsemi	7
Leigutekjur.....	8
Tekjur af lóðum og lendum	8
Laun og launatengd gjöld	8
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	8
Lóðir og lendur	8
Annar rekstrarkostnaður	9
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	9
Afskriftir.....	9
Fjármagnsliðir.....	9
Fjárfestingar 2023.....	10
Helstu viðhaldspættir 2022	10
Hafnarsvæði	10
Keflavíkurhöfn	10
Helguvíkurhöfn	11
Auðunn	11
Lokaorð.....	11

Almenn hafnarstarfsemi

Opið er fyrir almenna hafnarstarfsemi allan sólarhringinn allt árið um kring. Daglegur vinnutími er frá kl. 08:00 til kl. 17:00 virka daga en starfsmenn á bakvöktum sinna útköllum á öðrum tímum. Móttaka skipa um stórhátíðir miðast þó við þjónustugetu hafnarinnar hverju sinni.

Skipakomur og flutningar

Árið sem er að líða er fyrsta „eðlilega“ rekstrarár Reykjaneshafnar eftir að sá fyrir endann á heimsfaraldri Covid 19 hér á landi, þó svo að stríðsástand í Evrópu hafi áhrif á ýmsa rekstrarliði. Fraktskipakomur ársins 2019 til Reykjaneshafnar voru 33 skip en meðaltal Covid áranna 2020-21 voru 25 skip á ári. Í ár er gert ráð fyrir 38 skipum og er gengið út frá að það sama verði upp á teningnum árið 2023. Jafnframt er gert ráð fyrir að inn- og útflutt magn vöru 2023 verði á pari við útkomuspá ársins 2022.

Undanfarin ár hefur Reykjaneshöfn unnið að markaðssetningu Reykjaneshafnar sem ákjósanlegan viðkomustað fyrir smærri skemmtiferðaskip. Þessi vinna er unnin í samstarfi við Reykjanesbæ og Markaðsstofu Reykjaness og hefur skilað sér í fimm viðkomum slíkra skipa sumarið 2021 en engin skip skiluð sér 2022. Stefnt er að því að bæta úr þessu á komandi ári með auknum þunga í markaðssetningu hafnarinnar.

Afli og landanir

Landaður botnfisksafli hjá Reykjaneshöfn hefur farið minnkandi á undanförunum árum. Aflamangið var á árum áður lengi vel að sveiflast á milli fjögur og fimm þúsund tonna af lönduðum afla á ári eða að meðaltali um 4.500 tonn á ári. Frá árinu 2019 hefur þessi afli verið undir fjögur þúsund tonnum á ári. Stærsti útgerðaraðilinn sem landar hjá Reykjaneshöfn hefur að stórum hluta gert út á leigukvóta á þorski, en mikill samdráttur hefur verið í úthlutuðum kvóta þorsks síðustu tvö fiskveiðiár sem hefur haft neikvæð áhrif á



framboð í þeirri tegund á leigumarkaði. Samdráttur upp á 8% í þorskkvóta á yfirstandandi fiskveiðiári þrengir þennan markað enn meir og er gert ráð fyrir að landaður afli árið 2023 verði um þrjú þúsund tonn. Þessi samdráttur hefur óhjákvæmilega áhrif til tekjuminnkunar í rekstri hafnarinnar.

Síldarvinnslan hf. lokað fiskimjölsverksmiðju sinni inni í Helguvík á fyrri hluta árs 2019, en þar var áður landað uppsjávarfisk til bræðslu. Einnig lönduðu handfærabátar töluverðu af makríl fram til ársins

2019. Frá árinu 2019 hefur uppsjávarfisk ekki verið landað hjá Reykjaneshöfn að frátöldum örfáum tonnum í haust. Ekki er gert ráð fyrir að uppsjávarfiskur skapi höfninni tekjur á árinu 2023.

Þjónusta

Ýmis þjónusta er í boði fyrir þau skip og þá báta sem koma til hafna Reykjaneshafnar. Þar er m.a. um að ræða sölu á rafmagni, köldu vatni og móttöku úrgangs. Gengið er út frá því að þær tekjur sem af þessum þáttum hljóta standi undir þeim kostnað sem þær grundvallast á. Stærri þjónustubættir eru síðan þjónusta hafnsögu- og dráttarbátsins Auðuns auk þess sem höfnin rekur Ísturninn sem er verksmiðja til ísframleiðslu.

Auðunn

Í samræmi við aukna skipaumferð á síðustu árum hafa tekjur af þessari starfsemi verið stíðandi, en drógust verulega saman árið 2020 og 2021 vegna minni skipaumferðar þau ár. Á árinu 2022 hefur þó verið breyting til fyrra horfs og er gert ráð fyrir að sambærilegri starfsemi árið 2023.


Auk þess að sinna hlutverki hafnsögu- og dráttarbáts í tengslum við komu fraktskipa hefur Auðunn veitt aðstoð þegar skip og bátar hafa verið að fara í eða úr slipp hjá Skipasmíðastöð Njarðvíkur.

Ísturn

Ísframleiðslugeta Ísturnsins er um 25 tonn af ís á sólarhring. Minnkandi íssala hefur verið undanfarin ár sem skýrist annars vega af því að hluti af notendum þjónustunnar hafa fjárfest í eigin búnaði til ísframleiðslu og af minni afla sem berst til löndunar. Þó er gert ráð fyrir sambærilegri íssölu á árinu 2023 og í ár.

Tekjur af almennri starfsemi

Árin 2020 og 2021 reyndust Reykjaneshöfn erfið tekjulega vegna áhrifa heimsfaraldursins COVID 19 á ýmsa flutningastarfsemi en stór hluti tekna hafnarinnar er af skipaumferð og vörugjöldum þeim tengdum. Áhrif faraldursins eru þó dvínandi og er rekstrarárið 2022 á „eðlilegum“ nótum miðað við árin fyrir 2020. Í



fjárhagsáætlun ársins 2023 er gert ráð fyrir að seld þjónusta aukist um 6% miðað við útkomuspá ársins 2022, en það skýrist af blönduðum áhrifum eftir niðursveiflu síðustu ára og þeirri verðbólgu sem ríkt hefur á yfirstandandi ári.

Leigutekjur

Reykjaneshöfn er eigandi að landi í nærumhverfi þeirra hafnarsvæða sem heyra undir höfnina. Hluti þess lands er þegar deiliskipulagður en annað er án skipulags. Á árinu 2022 fékk höfnin greidda lóðarleigu af yfir 100 lóðum með skilgreindum fasteignanúmerum auk tekna af skammtímaleigu af annarri lóðaraðstöðu.

Tekjur af lóðum og lendum

Breyting hefur orðið á tekjuforsendum þar sem leigutekjur af Stakksbraut 1 í Suðurnesjabæ til Norðuráls Helguvík ehf. falla út en aukning er í skammtímaleigu af öðru landrými. Með hliðsjón af þessari breytingu og breytingu á fasteignamati er gert ráð fyrir að lóðarleiga árisins 2023 sé 5% hærri en útkomuspá ársins 2022 gerir ráð fyrir.



Laun og launatengd gjöld

Stöðugildi hjá Reykjaneshöfn eru fjögur árið 2023 auk fimm nefndarmanna í Stjórn Reykjaneshafnar. Laun og launatengd gjöld eru metin út frá þeirri starfsemi sem fyrirhugað ár innifelur og þann starfstengda kostnað sem henni fylgir. Auknum tekjum fylgir oft aukinn launakostnaður þar sem starfsemi eins og fraktskipakomur eru oftar en ekki utan hefðbundins dagvinnutíma. Áætlun um launakostnað ársins 2023 tekur mið af við yfirstandandi ári, fyrirbyggjandi launahækkunum og þeim umsvifum sem gert er ráð fyrir á árinu.

Hækkun lífeyrisskuldbindinga

Á árum áður greiddu starfsmenn Reykjaneshafnar í lífeyrissjóð LSR en það hefur breyst og í dag greiðir enginn starfsmanna hafnarinnar í þann lífeyrissjóð. Þegar launþegar greiða iðgjöld til LSR skuldbindur launagreiðandi sig um leið til að taka þátt í lífeyrisgreiðslum sjóðfélaganna þegar að því kemur að þeir fá greiddan lífeyri. Hlutdeild launagreiðanda í áætluðum framtíðarlífeyrisgreiðslum nefnist lífeyrisskuldbinding. Í dag taka þrír fyrrum starfsmenn Reykjaneshafnar lífeyrir samkvæmt þessu fyrirkomulagi og er í lok hvers rekstrarárs Reykjaneshafnar gjaldfærður uppreikningur á áætlaðri framtíðarþróun þeirra greiðslna. Í áætlun ársins 2023 er tekið mið af gjaldfærslum liðinna ára.

Lóðir og lendur

Fram til þessa hefur stærsti kostnaðarliður í lóðum og lendum verið það endurgjald sem Reykjaneshöfn greiðir til ríkissjóðs vegna leigu á Stakksbrautar 1 Suðurnesjabæ sem Reykjaneshöfn hefur endurleigt til Norðuráls Helguvíkur ehf. Þetta endurgjald er ekki lengur til staðar á komandi ári. Á árinu 2023 er

Því stærsti einstaki gjaldaliðurinn fasteignagjöld af þeim lóðum og mannvirkjum sem tilheyra Reykjaneshöfn og ekki eru á forræði annarra greiðenda. Annar kostnaður snýr að viðhaldi og öðrum umsýslukostnaði sem þörf er á hverju sinni. Hluti fyrirhugaðs kostnaðar er uppreikningur frá fyrri árum og hluti byggir á áætluðum kostnaði út frá framkvæmdaþörf.

Annar rekstrarkostnaður

Meginþungi af rekstri Reykjaneshafnar er færður undir þennan lið. Í honum felst rekstur og viðhald hafnarmannvirkja, rekstur og viðhald fasteigna, rekstur og viðhald bifreiða, áhalda og tækja auk reksturs dráttarbáts og Ísturns. Hér eru einnig gjaldfærðar niðurfærslur viðskiptakrafna og annars rekstrartengds kostnaðar. Áætlaður rekstur og viðhaldsþörf ársins 2023 eru metin út frá rekstri síðustu ára og líklegri þróun á komandi ári. Á yfirstandandi rekstrarári varð höfnin fyrir umtalsverðu óveðurstjóni í smábátahöfninni í Gróf sem skekkir allan viðhaldskostnað ársins 2022 miðað við eðlilegar aðstæður. Því er gert ráð fyrir 17% lækkun í fjárhagsáætlun ársins 2023 á þessum rekstrarliðum miðað við útkomuspá ársins 2022.

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Hér er gjaldfærður sameiginlegur kostnaður sem ekki skilgreinist niður á einstaka rekstrarliði, s.s. reikningsskil hafnarinnar, kostnaðarhlutdeildir, lögfræðipjónusta og markaðsstarf. Áætlaður rekstur ársins 2023 er metinn út frá rekstri síðustu ára og líklegri þróun hans.

Afskriftir

Afskriftir eða fyrningar varanlegra rekstrarfjármuna miðast við að kostnaðarfæra viðkomandi rekstrarfjármuni í samræmi við líftíma þeirra. Árlegar afskriftir eða fyrningar geta verið frá 1% upp í 30%, t.d. eru almenn hafnarmannvirki yfirleitt afskrifuð um 2% á ári en bifreiðar og tæki um 20%. Afskriftir ársins 2023 byggja á afskriftum síðasta árs ásamt fyrirhuguðum fjárfestingum ársins í ár og áætluðum fjárfestingum komandi árs.



Fjármagnsliðir

Á árinu 2021 náðist samkomulag milli Reykjaneshafnar og Reykjaneshafnar um að bærinn legði höfninni til framlag sem næmi skuld hafnarinnar við bæjarsjóð. Með þeirri ákvörðun hvarf ákveðin óvissa í framtíðarrekestri Reykjaneshafnar og sjálfbærni hafnarinnar var tryggð. Í dag eru langtímaskuldbindingar Reykjaneshafnar eingöngu við Lánasjóð sveitarfélaga ohf. en höfnin

endurfjármagnaði skuldbindingar sínar við sjóðinn á hagstæðari kjörum á árinu 2020. Fjármagnsliðir ársins 2023 taka mið af stöðu þeirra skuldbindinga við komandi áramót ásamt áætluðum verðbótum og vöxtum á því ári.

Fjárfestingar 2023

Í smærri fjárfestingum á árinu 2023 er horft til þess helst að bæta aðkomuna að Olíubryggjunni í Helguvík með því að setja þar upp vaktskýli, betri lýsingu og aðgangsstýringu. Einnig að skipta út tveimur af fenderum/fríholdum við Olíubryggjuna, bæta við öryggisgirðingum á hafnarsvæðinu í Helguvík, kaupa



pallvog til vigtunar á smærri einingum, endurnýja sendibíl hafnarinnar og halda áfram uppbyggingu á landtengingum í Keflavíkurhöfn og Njarðvíkurhöfn. Jafnframt að ljúka uppsetningu flotbryggju í Keflavíkurhöfn sem sinnir ferðabjónustutengdum verkefnum. Auk þess þarf að endurnýja vélar til ísframleiðslu í Ísturninum í Njarðvík og deiliskipuleggja landsvæðið upp af Njarðvíkurhöfn. Þessar fjárfestingar eru fjármagnaðar af handbæru fé hafnarinnar.

Í stærri fjárfestingum á árinu 2023 er horft til uppbyggingar í Njarðvíkurhöfn með byggingu skjólgarðs fyrir núverandi hafnarmannvirki og dýpkunar innan hafnarsvæðis niður í -8m. Þessar fjárfestingar eru styrkhæfar af Hafnabótasjóði um 60% og hefur sá styrkur verið samþykktur í Samgönguáætlun 2020-2024. Leitað hefur verið til Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. um lánsfjármagn til að fjármagna 40% hlut hafnarinnar. Framkvæmdin hefst árið 2023 og er framkvæmdatími áætlaður þrjú ár.

Helstu viðhaldspættir 2022

Til að viðhalda þjónustugetu Reykjaneshafnar þarf stöðugt að sinna endurbótum og er viðhaldsverkefnum hafnarinnar sinnt eftir þörfum.

Hafnarsvæði

Hafnarsvæði Reykjaneshafnar þarf stöðuga umhirðu og reglulegt viðhald. Árlega þarf að mála viðlegukanta, yfirfara og endurnýja fríholt, yfirfara og endurnýja lýsingu, yfirfara landtengingar, endurnýja vatnslagnir, endurbæta hurðir, karma og glugga á tengirýmum o.fl.

Keflavíkurhöfn

Endurbæta þarf aðstöðuhús á aðalkanti með hliðsjón af þjónustu við farþega skemmtiferðaskipa sem munu koma til hafnarinnar á komandi árum.

Helguvíkurhöfn

Á Norðurbakka þarf að huga að vatnslokum og vatnstengingum. Holrými er undir hafnarþekjunni sem þarf að brjóta upp og fylla undir. Sjóvörn austan við viðlegukantinn skemmdist í óveðri og huga þarf að endurbótum.

Auðunn

Árlega er Auðunn skoðaður með tilliti til haffæris og á tveggja ára fresti þarf hann að fara í slipp til skoðunar. Töluverður kostnaður fylgir slíku og þó sérstaklega slippkostnaði. Brugðist er við viðhaldspörf þegar hún fellur til og er hún því sveiflukennd.

Lokaorð

Rekstur Reykjaneshafnar er nokkuð hefðbundinn milli ára. Um er að ræða þjónustu við fiskiskip, fraktskip og vonandi á komandi árum skemmtiferðaskip. Grunnurinn í rekstrinum er sjálfbærni, þ.e. að tekjur hafnarinnar standi undir rekstrarkostnaði, afskriftum, fjármagnsliðum og afborgunum skuldbindinga. Í því



felst að tryggja nægt tekjustreymi í rekstrinum til þess að sjálfbærni hafnarinnar gangi eftir, þ.e. að hlúa að núverandi tekjustraumum ásamt því að leita nýrra tekjutækifæra. Jafnframt að gæta þess að kostnaðarliðir í rekstri hafnarinnar séu innan marka ár hvert. Sem lið í þeirri viðleitni er að laun og launatengd gjöld fari ekki yfir 30% af tekjum og að EBITDA hvers árs fari ekki undir 40%. Í áætlun ársins 2023 munu laun og launatengd gjöld ekki ná því viðmiði, verða 32%, en þó er gert ráð fyrir að EBITDA nái því að verða 42% af tekjum ársins.



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS